

Mánudaginn 15. febrúar 1954.

Nr. 65/1952. **Pétur Magnússon** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason)

og gagnsök.

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Árne Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og
próf. Ármann Snævarr.

Skaðabótamál vegna ólögmætrar handtöku.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. apríl 1952. Hann krefst þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 150.000,00 eða lægri fjárhæð eftir mati dómsins ásamt 6% ársvöxtum frá 29. júní 1951 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 27. maí 1952. Hann krefst sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Handtaka aðaláfrýjanda, sem lýst er í héraðsdómi, var saknæmt misferli af hendi ríkislöggæzlumanns þess, er hana framkvæmdi, án þess að aðaláfrýjandi hefði með ólögmætu framferði gefið tilefni til þeirra aðgerða. Þegar handtakan fór fram, voru enn í gildi lög um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl., nr. 28/1893. Þau lög höfðu ekki að geyma ákvæði um bætur fyrir handtöku, og á þeim tíma, er þau voru sett, var ekki talið, að ríkið bæri fébótaábyrgð á tjóni af aðgerðum opinberra starfsmanna að öðru leyti en því, sem mælt var í sérstökum lögum. Nú hefur réttarþróunin hins vegar orðið sú, að á þessu sviði hefur verið lögð á ríkið viðtækari ábyrgð en áður var. Þykir aðaláfrýjandi því samkvæmt meginreglu nefndra laga hafa öðlzt rétt til bóta úr hendi gagnáfrýjanda vegna hinnar ólögmætu handtöku. Eins

og á stóð, var eðlilegt, að aðaláfrýjandi biði úrslita í máli ákærvaldsins gegn löggæzlumanni þeim, sem handtökunni stjórnaði, áður en hann hæfist handa um höfðun máls þessa. Réttur hans til að krefjast bóta var því eigi niður fallinn samkvæmt reglum 4. gr. laga nr. 28/1893, er málssókn þessi var hafin.

Þegar litið er til þess, með hverjum hætti handtakan var framkvæmd, til afleiðinga hennar og annarra atvika, þykja bætur aðaláfrýjanda til handa hæfilega metnar kr. 30.000,00. Þer gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda þá fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt er, svo og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 5.500,00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði aðaláfrýjanda, Pétri Magnússyni, kr. 30.000,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 29. júní 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 5.500,00.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. apríl 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., hefur Pétur Magnússon, sóknarprestur að Vallanesi í Suður-Múlasýslu, höfðað eftir árangurslausa sáttaumleitan fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 17. okt. f. á., gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 150.000,00, auk 6% ársvaxta frá sáttakæru-degi 29. júní f. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Jafnframt hefur stefnandi stefnt dómsmálaráðherra f. h. „ríkisvaldsins“ til réttargæzlu í málinu, en engar sjálfstæðar kröfur gert á hendur honum, og réttargæzlustefndi hefur engar kröfur gert á hendur stefnanda.

Við munnlegan flutning málsins krafðist stefnandi þess *til vara*, að honum yrðu dæmdar skaðabætur að mati dómarans. Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt mánudags 16. janúar 1950 um kl. 1 þóttist ung stúlka, er bjó ásamt ungu barni sínu í húsinu nr. 18 A við Óðinsgötu hér í bæ, verða þess vör, að maður væri að bjástra við gluggann á herbergi hennar að utanverðu, og kveðst stúlkan hafa haldið, að hann

væri að reyna að opna gluggann alveg, en eina rúðu á honum hafi verið hægt að opna, og hafi á henni verið ofurlítil rífa. Kveðst stúlkan hafa verið háttuð og verið að lesa. Er hún varð þessa vör, kveðst hún hafa kvatt til föður sinn, er bjó þarna í húsinu. Segist hann hafa sagt dóttur sinni að slökkva ljós, er var í herberginu, svo að betra væri að sjá út. Er ljósið hafði verið slökkt, kveðast feðginin hafa séð mann vera að fara frá húsinu og upp á gangstétt Óðinsgötu. Hafi hann síðan gengið nokkurn spöl eftir götunni, en þegar hann hafi verið kominn að suðurgafli hússins nr. 18 við götuna, hafi hann staðnæmzt, litið í kring um sig og snúið sér síðan að húsinu nr. 18 A og horft þangað. Þóttust þau feðginin örugglega þekkja, að þetta væri stefnandi, en bæði þekktu þau hann áður persónulega. Næsta dag kveðst stúlkan hafa séð stefnanda á götu hér í bænum, og hafi hann þá verið eins klæddur og maður sá, er hún taldi sig þekkja sem stefnanda nóttina áður. Þegar stúlkan hafði séð stefnanda á götunni og talið sig þekkja hann aftur, fór hún rակleitt niður á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar að Frikirkjuvegi 11 til þess að hitta unnusta sinn og barnsföður, Guðmund Arngrímsson rannsóknarlögregluþjón. Skýrði hún honum frá því, sem við hafði borið um nóttina, og að hún hefði rétt áður séð stefnanda í sama frakkanum og með sama trefil og hatt og hann hefði haft um nóttina.

Aðfaranótt hins 19. janúar um kl. 1 kveðst stúlka þessi hafa verið háttuð og hafa verið að lesa í bók. Hafi hún þá heyrt, að gengið var að suðurglugga herbergis hennar. Virtist henni sá, er úti var, nema staðar við gluggann, en ganga síðan fram og aftur fyrir utan hann. Síðan kveðst hún allt í einu hafa séð andlit á glugganum, milli gluggatjaldsins, sem ekki hafði alveg verið dregið niður, og gluggakistunnar. Andlitið kveðst hún ekki hafa séð greinilega, en hún hafi séð glampa á gleraugu og móta fyrir hatti. Taldi hún sig þekkja stefnanda þarna. Hringdi hún nú heim til áðurnefnds Guðmundar Arngrímssonar og skýrði honum frá, að stefnandi væri kominn aftur, eða eitthvað á þá leið. Í viðtalinu sagði Guðmundur henni að hringja á lögreglustöðina og tala svo við sig aftur. Hringdi hún síðan á lögregluvarðstofuna og kvartaði yfir því, að maður væri úti í garðinum við húsið nr. 18 A við Óðinsgötu, og væri hann að kíkja inn um glugga. Er stúlkan hafði hringt til Guðmundar og á lögregluvarðstofuna, kveðst hún hafa farið út að austurglugga herbergis síns, vegna þess að hún hafi þá heyrt í manninum þar úti fyrir. Hafi hún, er hún horfði út um gluggann, séð alveg örugglega, að stefnandi var þarna fyrir utan. Kveður hún hann hafa verið hálf-boginn, eins og hann ætlaði að fara að horfa inn um gluggann, en hann hafi þá beygt sig niður fyrir hann. Eftir þetta kveðst hún ekki hafa orðið vör við stefnanda og ekki hafi hún heyrt hann fara frá húsinu. Stutti stundu eftir að stúlkan hafði hringt á lögregluvarðstofuna, komu lögreglumenn á vettvang. Skýrði hún þeim ekki frá nafni manns þess, er hún taldi hafa verið við húsið, en lýsti hon-

um þannig, að hann væri meðalmaður á hæð, klæddur dökkleitu frakka, með dökkan hatt á höfði og með gleraugu og að henni hafi virzt á fótataki mannsins, að þetta væri miðaldra maður. Lögreglumennirnir leituðu umhverfis húsið og í nágrenni þess, en urðu einskis varir. En eftir nokkra stund kom áðurnefndur Guðmundur til lögreglumannanna og bað þá að leita betur í nágrenni hússins, en sú leit bar heldur engan árangur.

Í málinu kemur fram, að sú venja hefur verið ríkjandi hér í bænum, að rannsóknarlögreglan hefur stjórn lögregluaðgerða á hendi, þegar um samstarf milli hennar og götulögreglunnar er að ræða.

Þegar leitinni í nágrenni hússins hafði verið hætt, spurði Guðmundur lögregluþjónana að því, hvort þeir þekktu stefnanda, en grunur lægi á því, að það væri hann, sem þarna hefði verið. Verður ekki séð, að lögreglumennirnir hafi gefið nokkur svör við þessu. Eftir beiðni Guðmundar hafði einn lögreglumannanna samband við lögregluvarðstofuna um talstöð lögreglubifreiðarinnar, sem lögreglumennirnir höfðu komið í að húsinu, og spurðist fyrir um það hjá varðstjóranum, hvar stefnandi ætti heima, en varðstjórinn gat ekki upplýst það. Var þá enn eftir beiðni Guðmundar hringt á afgreiðslu Morgunblaðsins og til eins ritstjóra þess og spurzt fyrir um heimilisfang stefnanda, og mun einn ritstjórinn hafa vísað til bróður stefnanda um upplýsingar varðandi þetta. Var nú ekið til lögreglustöðvarinnar, og hringdi Guðmundur þaðan heim til bróður stefnanda og fékk þær upplýsingar hjá konu bróðursins, að stefnandi hefði herbergi á Spítalastíg 7. Í viðtalinu lét Guðmundur þess getið við konuna, að hringt væri frá lögreglunni, og kveðst hún hafa spurt, hvort eitthvað hefði komið fyrir, og hafi þá Guðmundur tjáð henni, að hann ætlaði að handtaka stefnanda. Urðu nokkrar viðræður milli konunnar og Guðmundar út af þessu, og áður en þeim lauk, kom bróðir stefnanda í símann og virðist hafa spurt Guðmund að því, hvaða ástæða væri til að handtaka stefnanda. Svaraði Guðmundur því til, að hann gæti ekki sagt það í símann, en tjáði bróður stefnanda, að því er bróðurnum skildist, að honum væri óhætt að koma niður á lögreglustöð eftir um það bil 20 mínútur. Að samtalinu við bróður stefnanda loknu bað Guðmundur nafngreindan götulögreglumann að koma með sér. Lögreglumaður þessi bað síðan aðra þrjá götulögreglumenn að koma með þeim Guðmundi. Óku þeir síðan allir í einni af bifreiðum lögreglunnar að húsinu nr. 7 við Spítalastíg, en þar fóru þeir út úr bifreiðinni. Drap Guðmundur fyrst á útidyr hússins, en þar sem enginn kom til dyra, barði hann í glugga vinstra megin við innganginn. Út í gluggann kom stúlka, og voru útidyrnar opnaðar að vörmu spori. Guðmundur spurði þann, er opnaði dyrnar, hvar herbergi stefnanda væri í húsinu, og var honum bent á dyr þess, er voru gegnt útidyrum. Guðmundur barði að dyrum, þar sem honum hafði verið bent á, að stefnandi byggi. Stefnandi svaraði: „Kom inn.“ Gengu lögreglumennirnir þá inn í her-

bergið, og mun Guðmundur hafa nafngreint sig og kynnt sig sem rannsóknarlögreglumann. Ljós var ekki í herberginu, og reyndi einn lögreglumannanna að kveikja, en tókst ekki, og fór stefnandi þá fram úr rúmi sínu í náttklæðum og kveikti. Jafnframt spurði hann, hverju það sætti, að rannsóknarlögreglan réðist inn til hans um hánótt með þessum hætti. Guðmundur svaraði því til, að stefnanda yrði skýrt frá því síðar. Stefnandi fór þá að leita að fötum sínum og fór sér hægt að eigin sögn, og varð nokkur bið á því, að hann klæddist. Sagði Guðmundur þá stefnanda, að ef hann ekki flýtti sér, yrði hann tekinn eins og hann stæði. Hélt stefnandi þá áfram að klæða sig, en spurðist fyrir um það, hvað heimilaði handtöku á einum af prestum þjóðkirkjunnar. Er ekki ljóst, hverju Guðmundur svaraði þessu. Er stefnandi hafði klætt sig, taldi Guðmundur sig þekkja fatnað þann, er unnusta hans hafði lýst á manni þeim, er hún þóttist hafa séð fyrir utan glugga á herbergi sínu. Guðmundur hefur viðurkennt að hafa kvatt stefnanda eindregið til að flýta sér. Meðan hann var að klæðast og meðan á því stóð, sneri stefnandi sér að lögreglumönnum og sagði á þá leið, að hann léti þá vita, að hann hefði viðkvæmar taugar, vegna þess að hann væri vangæfur með svefn. Þegar stefnandi hafði klætt sig, virðist hann eftir boði Guðmundar hafa farið út úr herbergi sínu, og er hann og lögreglumennirnir voru komnir fram á ganginn, kom bróðir hans, sem er lögræðingur, á vettvang. Það hann stefnanda að vera rólegan, ekki væri annars kostur en fara með lögreglunni. Bifreið lögreglumannanna beið fyrir utan húsið, og heldur stefnandi fram, að honum hafi verið hrint á leið sinni út í hana, en það er ósannað. Var stefnanda síðan ekið niður á lögreglustöð, og mun hafa verið ætlunin að yfirheyra stefnanda þar, en þaðan var honum ekið á skrifstofu Guðmundar hjá rannsóknarlögreglunni á Friðkirkjuvegi 11. Hófst þar yfirheyrsla yfir stefnanda, og stóð Guðmundur fyrir henni. Var stefnanda gefið að sök það, sem unnusta Guðmundar hafði kvartað um, svo og, að Guðmundur hafi þótt sjá hann sönglandi og ölvaðan á götu um kl. 24 að kvöldi sunnudagsins 15. janúar 1950. Þessi yfirheyrsla stóð yfir um 2 klukkustundir, og var stefnanda þá sleppt. Síðar sama dag, eða hinn 19. janúar 1950, kærði stefnandi yfir framferði oftnefnds Guðmundar Arngrímssonar til yfirmanns lögreglunnar. Sama dag kærði Guðmundur stefnanda. Með umboðsskrá, dagsettri 19. janúar 1950, var sérstökum dómara falin rannsókn máls þessa, og að henni lokinni var dómaramum fyrirskipað að höfða mál gegn Guðmundi Arngrímssyni fyrir brot gegn XIV. kafla hegningarlaga, nr. 19/1940. Lyktaði máli því gegn honum með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 7. febrúar 1951, þar sem Guðmundur var dæmdur fyrir brot gegn 131. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940, og refsing hans ákveðin 20 daga varðhald.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar í fyrsta lagi á því, að handtaka hans hafi verið alger lögleysa, og eigi hann því bætur úr hendi

ríkissjóðs, sem borið hafi ábyrgð á starfi rannsóknarlögreglumannsins í umrætt skipti. Vísar stefnandi í þessu efni í fyrsta lagi til 1. mgr. 264. gr. hegningarlaga, nr. 19/1940, og almennrar skaðabótareglu íslensks réttar. Þessum rökstuðningi stefnanda, sem kom fyrst fram við munnlegan flutning málsins, hefur stefndi mótmælt sem of seint fram komnum, en ekki eru efni til að taka þau andmæli til greina.

Í öðru lagi reisir stefnandi kröfu sína á því, að hann eigi bótarétt á hendur ríkisvaldinu samkvæmt lögjöfnun frá 1. gr. laga nr. 28 frá 26. okt. 1893 og 151. gr., sbr. 154. og 155. gr. laga nr. 27/1951.

Telur stefnandi, að handtaka hans hafi bakað sér beint fjártjón, þar sem hann hafi orðið vegna rannsóknar málsins að dveljast langdvölum hér í Reykjavík. Þá telur hann, að handtakan hafi bakað honum sérstök óþægindi, álitsspjöll og miska. Mál þetta hafi orðið blaðamál, það hafi komið í hárnæði, nafn hans hafi orðið á hvers manns vörum í sambandi við þennan áburð, og hafi þetta orðið sér sérlega tilfinnanlegt sem presti þjóðkirkjunnar. Leggur hann ríka áherzlu á það til stuðnings skaðabótakröfu sinni, að eitthvað kunni að loða við af áburðinum, en slíkt verði aldrei að fullu bætt með fé.

Sýknukröfu sína reisir stefndi í fyrsta lagi á því, að rannsóknarlögreglumaður sá, sem handtók stefnanda, hafi ekki starfað sem slíkur, heldur verið í einkaerindisrekstri. Það hafi verið unnusta hans, sem hlut hafi átt að máli. Hafi hún hringt heim til hans að næturþeli, og hafi hann brugðið við sem unnusti hennar, en ekki sem rannsóknarlögreglumaður, enda hafi þetta verið utan hans vinnutíma.

Í öðru lagi telur stefndi, að jafnvel þótt svo verði litið á, að rannsóknarlögreglumaðurinn hafi starfað sem slíkur, þá hafi hann ekki gengið lengra en starfssvið hans heimilaði honum. Slíkum manni sé heimilt að kalla menn til yfirheyrslu á hvaða tíma sólarhrings, sem er. Þá telur stefndi, að lögjöfnun frá 1. gr. laga nr. 28/1893 komi ekki til greina, þar sem það ákvæði telji tæmandi upp tilvik, sem bótaskyld séu, og taki því ekki til handtöku, jafnvel þó að hún væri ólögmat. Auk þess væri hugsanlegur bótaréttur stefnanda samkvæmt þessum lögum fallinn niður eftir ákvæðum 4. gr. laganna. Enn telur stefndi, að ákvæði laga nr. 27/1951 komi ekki til, þar sem þau hafi ekki tekið gildi, fyrr en eftir að atburðir þeir gerðust, sem mál þetta rís af.

Til vara heldur stefndi því fram, að stefnandi hafi ekki beðið neitt fjártjón eða álitsspjöll nema þá þau, sem til aðgerða hans verði rakin. Í þessu sambandi telur stefndi í fyrsta lagi, að stefnandi hafi að jafnaði dvalizt langdvölum hér í bænum að vetrarlagi, og hafi því áður nefndur atburður ekki bakað honum nein aukaútgjöld. Í öðru lagi telur stefndi, að færsla stefnanda til yfirheyrslu umrædda nótt hafi ekki bakað honum nein óþægindi. Loks telur stefndi, að stefnandi hafi staðið fyrir blaðaskrifum um málið. Hann hafi átt upp-

tökin að fyrstu grein, sem birtist í dagblaði um málið, önnur blaðaskrif um það hafi túlkað hans sjónarmið, og hann hafi gefið út bækling um málið.

Svo sem áður er sagt, þóttist unnusta Guðmundar hafa skynjað, að stefnandi væri maður sá, er hún telur sig hafa séð aðfaranætur 16. og 19. janúar 1950 á ferli utan við og í grennd við húsið nr. 18 A við Óðinsgötu. Hún og faðir hennar segjast hafa talið sig þekkja stefnanda um kl. 1 aðfaranótt hins 16. janúar 1950. Fram hefur komið, að birta var ekki góð og þau sáu mann þann, sem þau töldu stefnanda, í nokkurri fjarlægð. Bróðir stefnanda, kona hans og starfsstúlka þeirra hafa borið, að stefnandi hafi verið á heimili þeirra aðfaranótt hins 16. janúar 1950. Tvö vitni hafa borið, að stefnandi hafi verið á heimili þeirra fram til kl. rúmlega 24 aðfaranótt hins 19. janúar, og eitt vitni, starfsstúlka í húsi því, sem stefnandi bjó í, kveður, að ljós hafi verið komið í herbergi hans kl. rúmlega 24, en myrkur hafi verið þar áður, og segir þessi stúlka, að hún mundi hafa orðið þess vör, ef nokkur hefði farið út eftir það.

Með tilvísun til þess, sem nú hefur verið rakið, og annars þess, sem komið hefur fram við rannsókn áðurgreinds máls, brestur algerlega sönnun fyrir því, að stefnandi hafi verið maður sá, er var á ferli utan við og í grennd við húsið nr. 18 A við Óðinsgötu áðurgreindar nætur.

Guðmundur Arngrímsson virðist ótvírætt hafa starfað sem rannsóknarlögreglumaður í þjónustu ríkisins við handtöku stefnanda, sbr. og hrd. frá 7. febr. 1951. Grunur hans, jafnvel þótt réttur reyndist, að stefnandi væri maður sá, er sást á ferli utan nefnds húss, réttlætti á engan hátt framangreinda handtöku stefnanda. Eðlilegt þykir, að þjóðfélagið beri ábyrgð á mistökum sem þessum. Verður því að telja, að stefndi beri ábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni, beinu og óbeinu, sem stefnandi kann að hafa beðið vegna hinnar ólögmætu handtöku. Gegn mótmælum stefnda er ósannað, að stefnandi hafi beðið nokkurt beint fjártjón, en víst má telja, að hann hafi orðið fyrir óþægindum, álitsspjöllum og miska vegna hinnar ólögmætu handtöku, sem framkvæmd var með töluverðum harðræðum.

Pegar tilfni handtökunnar er virt, haft í huga, með hverjum hætti hún var framkvæmd, og þess gætt, að hún mun hafa stutt að því, að niðrandi orðrómur um stefnanda komst í hámmæli, þá þykja bætur til hans hæfilega ákveðnar kr. 20.000,00.

Ber að dæma stefnda til að greiða þá fjárhæð með 6% ársvöxtum frá 29. júní 1951 til greiðsludags og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.100,00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Pétri Magnússyni, kr. 20.000,00 með 6% ársvöxtum frá 29. júní 1951 til greiðsludags og kr. 2.100,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 15. febrúar 1954.

Kærumálið nr. 4/1954.

Sameinaðir verktakar og til vara Árni Snævarr, Einar Gíslason, Guðmundur Halldórsson, Halldór H. Jónsson og Tómas Vigfússon
 gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómendur:

**hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Jón Ásbjörns-
 son, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og próf.
 Ólafur Jóhannesson.**

Frávísunarkröfu hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 13. janúar þ. á. hafa sóknaraðiljar kært til Hæstaréttar úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 6. s. m. Krefjast sóknaraðiljar þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og dómkröfum stefnda um greiðslu skattskulda og dráttarvaxta í nefndu bæjarþingsmáli vísað frá dómi. Þá krefjast þeir og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Endanlega úrlausn á dómkröfum varnaraðilja á hendur sóknaraðilja ber að lögum undir dómstóla. Hefur frávísunarkrafa sóknaraðilja þess vegna ekki við rök að styðjast, og ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 300,00.